

NaNO Fréttabréf – Maí og júní 2015

Hvað höfum við gert í apríl og maí?

Námskeiðið *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi*. Staðlota var þann 13. apríl þar sem rætt var um orku framtíðar ásamt umræðum um lokaverkefni í námskeiðinu. Kynning nemenda á lokaverkefnum var svo haldin 11. maí. Kynningarnar voru fjölbreyttar og áhugaverðar. Námskeiðinu er þar með lokið.

NaNO – náttúrufræði fyrir grunnskólakennara, endurmenntunarnámskeið fyrir grunnskólakennara í Garðabæ.

- Fimmsta staðlota námskeiðsins fór fram þann 13. apríl í Hofstaðaskóla. Viðfangsefnið var efna- og eðlisfræði og hringrásir. María Sophusdóttir og Kristjana Skúladóttir, kennarar í Melaskóla voru með innlegg um kennslu eðlis- og efnafræði á yngsta stigi og miðstigi.
- Sjötta staðlota fór fram 5. maí í Sjálandsskóla og nágrenni hans. Hrafnhildur Ævarsdóttir líffræðingur og Ólafur Patrick Ólafsson líffræðingur hjá Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ sáu um fjöruferð í Hraunsvík með hópnum. Ferðin tókst einstaklega vel enda veðrið gott, [sjá myndir hér](#). Að ferðinni lokinni voru sýni greind og skoðuð.
- Sjöunda staðlota fór fram 27. maí í Garðaskóla. Sólrún Harðardóttir námsefnishöfundur og starfsmaður Námsmatsstofnunar og Skúli Skúlason prófessor við Háskólann á Hólum sáu um efnið sem var um lífríki í ferskvatni. Í framhaldi var farið í vettvangsferð að Vífilsstaðavatni, [sjá myndir hér](#). Sýni voru greind og skoðuð að ferðinni lokinni.

Málþing um náttúrufræðimenntun var haldið á vegum RAUN 17.–18. apríl 2015 í Verzlunarskóla Íslands í samvinnu við Félag leikskólakennara og Samlíf, Samtök líffræðikennara. Þátttakendur voru um 140. Almenn ánægja var með málþingið og var dagskrá fjölbreytt. Myndir frá málþinginu [má sjá hér](#).

Upplýsingafundur fyrir starfsfólk Menntavísindasviðs sem kemur að náttúrufræðimenntun var haldinn 26. maí. Þar var litið um öxl á verkefni NaNO ásamt því að skýrt var frá fyrirbyggjandi verkefnum. Í sérskjali má sjá yfirlit um stöðu NaNO verkefnisins sem kynnt var á fundinum.

Sótt var um styrk í Rannsóknarsjóð síldarútvegsins til að útbúa námsefni um sjávarútveg í tengslum við tækni og nýsköpun. Verkefnið er unnið í samstarfi við Sjávarklasann, Matís og Hafrannsóknastofnun. Sjóðurinn styrkir hluta verkefnisins um 1 milljón krónur og við hvött til að sækja um að ári liðnu vegna síðari hluta verkefnisins.

Hvað er framundan?

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.
- Samstarf við Framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu um gerð kennsluhugmynda tengdum Vatnajökulsþjóðgarði.
- Vinna við kennslueiningar tengdar sjávarútvegi, hugmyndavinna fer af stað og fundað verður með samstarfsaðilum.

Ljúka við formlegt mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* sem var við Menntavísindasvið HÍ vorönn 2014.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmællissjóði HÍ, Próunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld